# ÁFALLAÁÆTLUN

GRUNNSKÓLINN Á ÞÓRSHÖFN
OKTÓBER 2026

# Efnisyfirlit

Áfallaráð ..... 2
Áföll geta verið ..... 2
Áfallaráð ..... 3
Utanaðkomandi aðilar sem kallaðir eru til eftir þörfum ..... 3
Viðbrögð við slysum á skólatíma ..... 3
Minniháttar slys ..... 3
Alvarleg slys ..... 4
Slys sem verða utan skólatíma ..... 4
Alvarleg veikindi ..... 5
Hjá nemanda ..... 5
Hjá aðstandendum nemenda ..... 5
Hjá starfsfólki ..... 5
Andlát ..... 6
Nemanda ..... 6
Andlát náins aðstandanda nemenda ..... 6
Andlát starfsmanns ..... 7
Andlát náins aðstandanda starfsmanns ..... 8
Lesefni og heimasíður um áföll og sorg ..... 9

## Áfallaráð

Áfallaráð skipa skólastjóri, staðgengill skólastjóra, skólahjúkrunarfræðingur og trúnaðarmaður kennara. Ef þörf þykir kallar áfallaráð til umsjónarkennara, prest, sálfræðing eða aðra.

Áfall er erfið reynsla sem einstaklingur verður fyrir. Í áfallaáætlun skólans kemur fram hvernig skal bregðast við slysum eða öðrum alvarlegri áföllum sem upp kunna að koma.

Ef áföll koma upp sem tengjast nemendum/starfsfólki skólans eða aðstandendum þeirra er áríðandi að það sé tilkynnt skólastjórnendum eins fljótt og auðið er. Skólastjórnendur sjá um að kalla saman áfallaráð.

### Áföll geta verið

- Alvarleg veikindi nemenda, aðstandenda eða starfsfólks skólans.
- Alvarleg slys nemenda, aðstandenda eða starfsfólks skólans eða ofbeldi gagnvart þeim.
- Andlát nemenda, foreldra eða systkina nemenda.
- Andlát starfsmanns, maka eða barns starfsmanns.
- Náttúruhamfarir hvers konar.
- Skilnaður/missir.

Hlutverk áfallaráðs er að hafa verkstjórn við válega atburði, meta aðstæður og gera vinnuáætlun svo bregðast megi ákveðið við. Mikilvægt er að skýr vinnuáætlun sé gerð um hver sinni hvaða verkefnum og hvenær og hvernig bregðast eigi við í hverju tilfelli fyrir sig. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni.

## Áfallaráð

| | | |
|---|---|---|
| Hilma Steinarsdóttir | skólastjóri | 852-0412 / 864-2139 |
| Árni Davíð Haraldsson | Staðgengill skólastjóra | 863-1265 |
| Hanna Margrét Úlfsdóttir | Trúnaðarmaður kennara | 846-3237 |
| Karítas Ósk Agnarsdóttir | Skólahjúkrunarfræðingur | 849-0361 |

### Utanaðkomandi aðilar sem kallaðir eru til eftir þörfum

| | | |
|---|---|---|
| Kristín Heimisdóttir | Sálfræðingur | 868-3307 |
| Þórarinn Þórisson | Rauði krossinn | 897-1362 |
| Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir | Formaður Velferðar- og fræðslunefndar | 867 1870 |
| Jón Ármann Gíslason | Sóknarprestur og prófastur | 866-2253 |

Upplýsingamiðstöð heilsugæslunnar 1700

## Viðbrögð við slysum á skólatíma

Starfsfólk skal ætíð hringja í 112 sé einhver vafi á því hvers eðlis meiðslin séu, minniháttar eða alvarleg.

### Minniháttar slys

- Sá starfsmaður skólans sem fyrstur kemur á vettvang tekur að sér stjórn sem felst í því að sjá til þess að:
  - slasaða sé sinnt
  - kallað sé á hjálp
  - nærstaddir séu róaðir
- Umsjónarkennari látinn vita af slysinu. Umsjónarkennari lætur forsjáraðila viðkomandi nemanda vita og forsjáraðili flytur nemanda á heilsugæslu. Ef ekki næst í aðstandenda fer skólastjóri eða fulltrúi hans með nemanda á heilsugæslu.
- Umsjónakennari sér til þess að slysaskráningarblað sé fyllt út.
- Farið er yfir málið með starfsfólki.
- Umsjónarkennari ræðir við nemendur og vinnur með þeim ef þurfa þykir.

## Alvarleg slys

- Sá starfsmaður skólans sem fyrstur kemur á vettvang tekur að sér stjórn sem felst í því að sjá til þess að:
    - Koma í veg fyrir frekari slys
    - kallað sé á hjálp
    - slasaða sé sinnt
    - hringt sé í neyðarlínuna 112
    - nærstaddir séu róaðir
- Skólastjórnendur hafa samband við forsjáraðila viðkomandi nemanda og láta vita af slysinu.
- Áfallaráð upplýst, upplýsingum um slysið er safnað og næstu skref ákveðin.
- Fundað með kennurum og starfsfólki skólans.
- Fulltrúi úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræðir við nemendur í þeim bekkjum sem tengjast málinu.
- Áfallaráð fundar og fer yfir atburðarás.
- Skólastjórnendur sjá um að senda út tölvupóst eða að hringt verði í forsjáraðila nemenda í þeim bekkjum sem tengjast málinu.

## Slys sem verða utan skólatíma

Ef nemandi, aðstandandi nemanda eða starfsmaður lendir í alvarlegu slysi er áfallaráð kallað saman eins fljótt og hægt er til að undirbúa aðgerðir og næsta skóladag.

- Aðili úr áfallateymi gerist tengiliður við aðstandendur og miðlar upplýsingum í samráði við þá.
- Umsjónarkennari kemur upplýsingum til nemenda.
- Bekkurinn gæti sent kveðju t.d. kort, myndir, tölvupóst o.fl. ef við á.

# Alvarleg veikindi

## Hjá nemanda

- Greina þarf starfsfólki, bekkjarfélögum og foreldrum þeirra frá veikindunum, þegar staðfesting á þeim liggur fyrir og skal það gert í samráði við forsjáraðila viðkomandi nemanda.
- Umsjónarkennari er tengiliður við forsjáraðila og miðlar upplýsingum í samráði við þá. Einnig passar hann upp á að tengsl við þann veika slitni ekki.
- Aðilar úr áfallateymi í samstarfi við umsjónakennara huga að og vinna með bekkjarfélögum. Huga skal einnig að nemendum í öðrum bekkjum sem hafa fjölskyldu- eða vinatengsl við veika nemandann.
- Umsjónarkennari athugar í samráði við forsjáraðila hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- Umsjónarkennari sér til þess að bekkjarfélagar sendi kveðjur, t.d. kort, myndir, tölvupóst eða annað sem á við.

## Hjá aðstandendum nemenda

Alvarleg veikindi hjá aðstandendum nemenda geta haft áhrif á líðan, hegðun og námsárangur.

- Þegar staðfesting á veikindum liggur fyrir, meta stjórnendur hvort ástæða sé til að kalla áfallaráð saman.
- Áfallaráð fundar ef ástæða þykir til og leggur línur í samráði við aðstandendur.
- Tilkynnt til starfsmanna, nemenda og forsjáraðila eftir því sem við á.

## Hjá starfsfólki

- Skólastjóri ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hans hvernig tilkynna skuli starfsfólki, nemendum og forráðamönnum um veikindin/slysið.
- Aðili úr áfallaráði gerist tengiliður og gætir þess að hafa reglulega samband við starfsmanninn meðan á veikindunum stendur og flytja honum kveðjur frá öðru starfsfólki.
- Skólastjóri gerir áætlun um endurkomu, ef við á, í nánu samstarfi við starfsmanninn.

# Andlát

## Nemanda

- Skólastjóri leitar staðfestingar á andlátinu og kallar saman áfallaráð.
- Andlát tilkynnt starfsfólki skólans.
- Áfallaráð og/eða starfsfólk skólans hringir í foreldra annarra nemenda í bekknum og tilkynnir þeim andlátið. Foreldrum gefinn kostur á að koma í skólann og vera með barni sínu þegar þeim er tilkynnt um andlátið.
- Skólastjóri eða staðgengill skólastjóra og utanaðkomandi fagaðili í áfallahjálp ræða við nemendur skólans.
- Áfallaráð fundar og ákveður hvað gert skuli næstu daga.
- Nemendur fá viðeigandi stuðning eins lengi og þörf er á.
- Flagga skal á dánardegi og útfarardegi.
- Kveikt skal vera á kerti að minnsta kosti fram yfir útför.
- Meta hvort og hvenær setja eigi upp mynd af nemanda.
- Nemendur og starfsfólk útbúa samúðarkveðjur og/eða minningagrein.

## Andlát náins aðstandanda nemenda

- Skólastjóri leitar staðfestingar á andlátinu og kallar saman áfallaráð.
- Andlát tilkynnt starfsfólki skólans.
- Gæta skal þess að skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega.
- Áfallaráð og/eða starfsfólk skólans hringir í forsjáraðila annarra nemenda í bekknum og tilkynnir þeim andlátið. Forsjáraðilum gefinn kostur á að koma í skólann og vera með barni sínu þegar því er tilkynnt um andlátið.
- Skólastjóri eða staðgengill skólastjóra og utanaðkomandi fagaðili í áfallahjálp ræða við nemendur skólans.
- Áfallaráð fundar og ákveður hvað gert skuli næstu daga.

- Nemendur fá viðeigandi stuðning eins lengi og þörf er á.
- Nemendur bekkjarins útbúa samúðarkveðjur.
- Skólinn sendir samúðarkveðju til nemandans og fjölskyldu. Fyrir hönd skólans fara stjórnandi og umsjónarkennari með kveðjur frá skólanum og nemendum.
- Flagga skal á dánardegi og útfarardegi.
- Umsjónarkennari með aðstoð áfallateymis stjórnar áframhaldandi vinnu í bekknum og undirbýr endurkomu barnsins í samráði við aðstandendur.

## Andlát starfsmanns

- Skólastjóri leitar staðfestingar á andlátinu og kallar saman áfallaráð.
- Skólastjóri / staðgengill skólastjóra tilkynnir öllu starfsfólki skólans um andlátið, muna eftir þeim sem ekki eru við störf.
- Gæta skal þess að skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega.
- Áfallaráð og/eða starfsfólk skólans hringir í forsjáraðila nemenda og tilkynnir þeim andlátið. Forsjáraðilum gefinn kostur á að koma í skólann og vera með barni sínu þegar því er tilkynnt um andlátið.
- Umsjónarkennarar tilkynna nemendum andlátið.
- Skólastjóri eða staðgengill skólastjóra og utanaðkomandi fagaðili í áfallahjálp ræða við nemendur skólans.
- Áfallaráð fundar og ákveður hvað gert skuli næstu daga.
- Nemendur fá viðeigandi stuðning eins lengi og þörf er á.
- Nemendur útbúa samúðarkveðjur.
- Skólinn sendir samúðarkveðju til aðstandenda. Fyrir hönd skólans fer skólastjóri með kveðjur frá skólanum og nemendum.
- Flagga skal á dánardegi og útfarardegi.

## Andlát náins aðstandanda starfsmanns

- Skólastjóri leitar staðfestingar á andlátinu, áfallaráð upplýst.
- Andlát tilkynnt starfsfólki skólans í samráði við starfsmann.
- Meta hvort ræða eigi sérstaklega við nemendur.
- Skólastjóri kemur samúðarkveðjum til starfsmanns.
- Skólastjóri gerir áætlun um endurkomu í nánu samstarfi við starfsmanninn.

Reikna má með að nemendur vilji ræða um áfallið og úrvinnslu tilfinninga sinna.

Þegar frá líður má minnast á ákveðnar dagsetningar s.s. afmælisdag þess sem fallið hefur frá.

## Lesefni og heimasíður um áföll og sorg

www.sorg.is

www.missir.is

www.raudikrossinn.is

www.redcross.is

www.pieta.is

https://www.krabb.is/radgjof-studningur/studningur/fyrir-adstandendur/ad-takast-a-vid-sorg/

https://www.krabb.is/media/baeklingar/2000mammapabbihvaderad.pdf

Karl Sigurbjörnsson. 2019. Til þín sem átt um sárt að binda. Skálholtsútgáfa.

Sigurður Pálsson. 2021. Börn og sorg. Skálholtsútgáfa.

Sr. Bragi Skúlason. 1997. VON – bók um viðbrögð við missi. Hörpuútgáfa.

Ef ég BARA hefði vitað. Námsefni á vef Rauða krossins ásamt kennsluleiðbeiningum.

Sumarlandið. 1995. Eyvindur Skeie. Skálholtsútgáfan.

Bróðir minn ljónshjarta. 1984. Astrid Lindgren. Mál og menning.